

Fundur - 28.mars 2006

Ár 2005 þann 28.mars kl. 13:05 kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir Þórður Jónsson, Gústaf Jökull Ólafsson og Kristján Þór Ebbenzersson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Tekið var fyrir eina málið á dagskrá; úrskurður Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar "Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur-Eyri í Reykhólahreppi. "

Í greindum úrskurði leggst Skipulagsstofnun gegn leiðum B og C í 2. áfanga, en fellst á leið D og báðar leiðir í 1. áfanga með skilyrðum, og fellst einnig á 3. áfanga. Skilyrði eru sett um alla áfanga vegna áhrifa á birkiskóga og menningarminjar.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sett fram í löngu máli í 5. kafla úrskurðarins; með rökstuðningi um áhrif á einstaka matsþætti á bls. 43- 52, og í kafla 5.8 á bls. 52-55.

Skipulagsnefnd Reykhólahrepps fagnar því að Skipulagsstofnun skuli fallast bæði á 1.áfanga og 3.áfanga leiðarinnar. Nefndin gerir hins vegar athugasemd við niðurstöðu Skipulagsstofnunar hvað snertir 2.áfanga og þann rökstuðning sem settur er fram í greindum 5.kafla.

Sérstaklega vekur furðu nefndarinnar hversu léttvægt staðfest svæðisskipulag Reykhólahrepps (Svæðisskipulag fyrir Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012) virðist vera í meðförum Skipulagsstofnunar og beinar rangfærslur stofnunarinnar um skipulagið sem er að finna í niðurstöðunum.

Nefndin leggur áherslu á að svæðisskipulagið er með elstu svæðisskipulagsáætlunum sem eru í gildi í landinu, og að sveitarfélögin sem að gerð þess stóðu, voru með fyrstu sveitarfélögum í landinu sem uppfylltu ákvæði skipulagslaga um gerð slíkra skipulagsáætlana. Skipulagið var að öllu leyti unnið með lögformlegum hætti eins og þágildandi skipulagslög nr. 19/1964 með síðari breytingum gerðu ráð fyrir, þar með talið hvað varðar kynningu á skipulagstillögunni og samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila.

Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulagsins undir formennsku Snæbjarnar Jónassonar fyrrverandi vegamálastjóra, samþykkti svæðisskipulagið 9. október 1995, og skipulagsstjórn ríkisins afgreiddi það til umhverfisráðuneytisins til staðfestingar 25. október sama ár. Stefán Thors, nú skipulagsstjóri ríkisins, sat þá í skipulagsstjórn og er einn þeirra sem stóð þar að samþykkt skipulagsins. Þann 4. janúar 1996 staðfesti Guðmundur Bjarnason þáverandi umhverfisráðherra svæðisskipulagið ásamt Magnúsi Jóhannessyni núverandi ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu.

Að skipulagsstjórn ríkisins skuli hafa samþykkt svæðisskipulagið í núverandi mynd þess og umhverfisráðherra staðfest það, er til vitnis um að engar þær athugasemdir hafi komið fram við skipulagsgerðina, sem áhrif höfðu til breytinga á skipulaginu frá því sem raun varð á.

Ekki verður því haldið fram að skipulagið hafi farið hljótt eða verið unnið án vitundar allra helstu náttúruverndarsamtaka á Íslandi því þetta sama svæðisskipulag gerir einnig ráð fyrir þverun Gilsfjarðar, sem á þeim tíma var mikið hitamál.

Margir sömu einstaklingar, samtök og stofnanir sem mótmæltu þverun Gilsfjarðar eru nú að mótmæla vegagerð í Gufdalssveit samkvæmt leið B, en gerðu ekki athugasemdir á sínum tíma við þá þætti svæðisskipulagsins sem gera ráð fyrir legu Vestfjarðavegar á þeim stað sem Vegagerðin nú leggur til,

þ.e. þverun Þorskafjarðar við Kinnarstaði í 1. áfanga og áfram eftir leið B frá Þórisstöðum út með norðanverðum Þorskafirði og yfir Djúpafjörð milli Hallsteinsness og Gróuness og þaðan yfir Gufufjörð vestur á Melanes og að Kraká í 2. áfanga.

Svæðisskipulagið hefur að geyma landnotkunaráætlun Reykhólahrepps á gildistímanum. Þar eru sett fram markmið og teknar ákvarðanir sem snerta beint ráðstöfun lands til mismunandi nota eða verndunar. Þar er jafnframt tekið á ýmsum takmörkunum sem eru á landnotkun s.s. vegna verndunarákvæða af ýmsum toga.

Með gerð svæðisskipulagsins var m.a. reynt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu auðlinda svæðisins fyrir heildina, og er svæðisskipulagið bæði stjórnþæki og stefnuýfirlýsing sveitarstjórnanna í viðkomandi málaflokkum og ætlað að stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn allra, sveitarstjórna, íbúa og annarra hagsmunaaðila.

Við skoðun á málaflokknum samgöngur í skipulagsgreinargerðinni og samanburð á þeim markmiðum sem þar eru sett fram m.a. með afmörkun svæða og staðsetningu tiltekinna þátta í skipulagsuppdráttinum, sést hvernig þessi markmið fara saman við tillögur Vegagerðarinnar um þverun Þorskafjarðar og lagningu Vestfjarðavegar eftir leið B.

Kaflí 9.1 í skipulagsgreinargerðinni fjallar um vegi. Þar segir á bls. 75: „*Vegaframkvæmdir hafa forgang umfram samgöngubætur á öðrum sviðum. ... Áherslur í vegamálum taka einkum mið af þörfum atvinnulífs, samtengingu byggða og þjónustu við íbúa. Tillögur um endurbætur á vegum taka m.a. tillit til svæða sem þurfa að vera í vegasambandi allt árið vegna atvinnustarfsemi, skólaaksturs eða annarrar þjónustu.*“

Ög neðst á bls 75 segir: „*Staðsetning á veglínun, áætlunir um nýja vegi og tímasetning framkvæmda voru unnar í samráði við umdæmisskrifstofur Vegagerðar ríkisins í Borgarnesi og á Ísafirði.*“

Á bls.76 er fjallað um mikilvægustu framkvæmdirnar á þjóðvegunum og taldar upp ellefu framkvæmdir, tölusettar frá 1-11 eftir staðsetningu en ekki mikilvægi, frá Bröttubrekku í suðri að Klettshálsi í vestri. Þar er í 8. tölulið: „*Þverun Þorskafjarðar við Kinnarstaði*“ og í 9. tölulið: „*Þverun Gufufjarðar og hugsanlega Djúpafjarðar, lega óviss*“

Sveitarstjóri Reykhólahrepps sendi fyrirspurn til skipulagshöfunda um túlkun þessara þátta svæðisskipulagsins. Svar Gísla Gíslasonar hjá Landmótun var svohljóðandi: „Þegar svæðisskipulagið var unnið á sínum tíma lá niðurstaða samvinnunefndar um svæðisskipulagið ljóst fyrir og skipulagið gerir ráð fyrir þverun Þorskafjarðar, Gufufjarðar og Djúpafjarðar. Ástæðan fyrir því að veglínan er sett fram með brotinni línu var að á þessum tíma voru nýir vegir gjarnan settir þannig fram í skipulagi, sem ekki er gert í dag. Það var síðan tekið fram að veglínan væri óviss, enda hafði línun litið verið skoðuð á þeim tíma.“

Með því að bera skipulagsuppdráttinn saman við forsendur greinargerðarinnar sést glögglega hvar áætlunir gera ráð fyrir að Vestfjarðavegur á þessu svæði verði lagður.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Þorskafjörður verði þveraður við Kinnarstaði eins og lagt er til í 1. áfanga matsskýrslunnar. Það er því rangt sem kemur fram í niðurstöðu Skipulagsstofnunar í tölulið 1 neðst á bls 54 í úrskurðinum, að „Þverun Þorskafjarðar í 1. áfanga ... er ekki í samræmi við Svæðisskipulag Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012 og kallar því á breytingu á því.“ Sætir furðu að Skipulagsstofnun skuli ekki vera betur að sér um staðfest svæðisskipulag, en þverunin samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar er staðsett á nákvæmlega sama stað í firðinum og svæðisskipulagið gerir ráð fyrir, þ.e. milli Kinnarstaða og Þórisstaða.

Það er hins vegar rétt hjá Skipulagsstofnun að svæðisskipulagið gerir ekki ráð fyrir leið D í 2. áfanga yfir fjöru í Djúpafirði og frá Miðhúsamel í langri skeringu yfir Ódrjúgsháls og yfir Gufufjörð utan við Brekkuá. Raunar gerir svæðisskipulagið ekki heldur ráð fyrir leið C frá Hálsá og út með Djúpafirði um sunnanvert Gróunes, en Skipulagsstofnun lætur þess ekki getið í niðurstöðum úrskurðarins.

Á skipulagsupprættinum er norðurströnd Þorskafjarðar [13] frá Þórisstöðum og langleiðina út á Hallsteinsnes sýnd í dökkgrænum lit vegna þess að hún er á Náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Í texta Náttúruminjaskrár er þetta orðað svona: „*Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi. (1) Fjörur fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.*“

Dökkgræni liturinn á skipulagsupprættinum nær því yfir of stóran flöt, þar sem hvorki Þórisstaðaland né Grafarland er innan þessa verndarsvæðis, og hefði Skipulagsstofnun mátt athuga það. Það breytir hins vegar ekki því að samkvæmt svæðisskipulaginu er beinlínis gert ráð fyrir að nýr Vestfjarðavegur samkvæmt leið B liggi eftir endilöngu græna svæðinu, þó nákvæm lega hans um svæðið sé auðvitað ekki hnitsett í skipulaginu.

Á upprættinum eru sýndir gulir hringir bæði í löndum Grafar og Hallsteinsness, sem merkja að þar er gert ráð fyrir a.m.k. 4 sumarbústöðum á hvorri jörð, væntanlega með vitund og vilja landeigenda. Skipulagsnefnd bendir á augljósa þýðingu þess fyrir hagsmuni eigenda jarðanna af því að greiðar vegasamgöngur verði að þessum sumarbústaðasvæðum, eins og gert er ráð fyrir með leið B um Hallsteinsnes sem kemur þeim í þjóðvegasamband.

Þá eru á upprættinum sýndar fornminjar, sem munu vera rústir Grímkelsstaða og fornt akurgerði í Akraneshvamm. Loks er á upprættinum sýnd reiðleið út allt Hallsteinsnes þ.m.t. í gegnum Teigsskóg, sem kemur heim og saman við svokallaða Ferðamannagötu eða Reiðgötu, sem Ólafur Ólafsson frá Hallsteinsnesi lýsir í örnefnaskrá jarðarinnar.

Skipulagsnefnd bendir á að þó skóglendi við norðurströnd Þorskafjarðar sé á náttúruminjaskrá er mun stærra og víðáttumeira svæði vestar í Reykhólahreppi á náttúruminjaskrá af sömu ástæðum. Er hér um að ræða svæðið milli Hjarðarness í Vesturbyggð að vestan, um Litlanes og allt Skálmarnes og að Vattardalsá í botni Vattarfjarðar í austri. Að norðan liggja mörkin um Þingmannaheiði. Þetta er gríðarlega víðfeðmt svæði, sem í raun nýtur meiri og betri verndar en norðurströnd Þorskafjarðar, þar sem þar er engin búfjárbæit. Raunar má halda því fram að í reynd sé þetta svæði enn stærra, eða allur hinn gamli Múlahreppur, sem hefur verið í eyði í áratugi, og sauðfjárveikivarnargirðing um Klettsháls afmarkar gagnvart Gufudalssveit.

Þá bendir skipulagsnefnd á að Borgarland er einnig á náttúruminjaskrá, sem er allt nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafráfells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. Austurströnd Berufjarðar er skógivaxin líkt og norðurströnd Þorskafjarðar og þar er enginn vegur. Sama á við um Svínanes í Múlahreppi sem er vegalaust og mikill trjágróður, mest birki, á vestanverðu nesinu.

Skipulagsnefnd bendir á þetta til að sýna fram á að líklega er varla nokkuð annað sveitarfélag á landinu þar sem jafn víðáttumikil landsvæði eru á náttúruminjaskrá. Vitað var um öll þessi svæði þegar svæðisskipulagið var samþykkt, og hefur það án efa vegið þungt þegar sú stefnumörkun var staðfest af umhverfisráðherra með svæðisskipulaginu að Vestfjarðavegur skyldi liggja yfir Þorskafjörð og gegnum Teigsskóg um norðurströnd Þorskafjarðar samkvæmt leið B.

Skipulagsnefnd Reykhólahrepps vekur athygli á því að Skipulagsstofnun heldur því fram á bls. 45 í úrskurðinum að Breiðafjörður sé friðaður samkvæmt sérstökum lögum. Þetta er rangt, Breiðafjörður er ekki friðaður, er ekki friðland, en nýtur verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Þeirri vernd

er hins vegar ekki ætlað að setja búsetuskilyrðum við Breiðafjörð skorður eða atvinnuháttum og hlunnindanyttjum, heldur þvert á móti að efla mannlífið og bæta búsetuskilyrðin.

Hins vegar er í Vatnsfirði rétt vestan við sveitarfélagamörkin milli Reykhólahrepps og Vesturbyggðar 20.000 hektara stórt friðland með víðáttumiklum birkiskógi, sem nýtur mun meiri verndar heldur en aðrar náttúruuminjar eins og skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar.

Niðurstaða skipulagsnefndar Reykhólahrepps

Skipulagsnefnd telur að með vegarlagningu sem þverar Þorskafjörð við Kinnarstaði og liggur áfram út Hallsteinsnes samkvæmt leið B, sé verið að ná fram þeim markmiðum sem sett voru með svæðisskipulaginu sem er í gildi. Með því að gera þessa leið að tillögu sinni, sé Vegagerðin að framfylgja þeim markmiðum um framtíðarlegu vegarins sem fram koma í svæðisskipulaginu og mótuð voru á sínum tíma í samvinnu Reykhólahrepps og Vegagerðar ríkisins.

Skipulagsnefnd telur að einungis þessi valkostur uppfylli þau skilyrði sem gera verði til nýrra vega hvað varðar umferðaröryggi og greiðfærni. Með henni séu best tryggðir hagsmunir þeirra íbúa Reykhólahrepps sem búa vestan Þorskafjarðar og þurfa að sækja vinnu eða skóla til Reykhóla eða Króksfjarðarness, en um leið allra sem um veginn þurfa að fara s.s. íbúa í Vestur-Barð og ferðamanna.

Síðast en ekki síst leggur skipulagsnefnd áherslu á að leið B og þverun Þorskafjarðar er samkvæmt staðfestu og gildandi svæðisskipulagi fyrir Reykhólahrepp, en hvorki leiðir C né D eru í samræmi við skipulagið. Reykhólahreppur hefur lagt mikinn tíma og fjármuni í það að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga í skipulagslögum, með því að ráðast í gerð skipulagsins.

Þykir skipulagsnefnd skjóta skökku við að lögbundið skipulag sveitarfélagsins sé virt að vettugi af Skipulagsstofnun með því að hafna leið B, og telur að hreppsnefnd beri að kæra þennan úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra, og krefjast þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi hvað 2. áfanga varðar, og að fallist verði á leið B.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:15

Þórður Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Kristján Þór Ebbenzersson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)